



Hagtíðindi

Statistical Series

Þjóðhagsspá

28. júní 2024

Þjóðhagsspá að sumri

Economic forecast, summer

Samantekt

Hægja tók á hagvexti á seinni helmingi síðasta árs og á fyrsta fjórðungi þessa árs dróst verg landsframleiðsla saman um 4%. Horfur eru á 0,9% hagvexti í ár sem verður borinn uppi af innlendri eftirspurn. Árið 2025 er reiknað með 2,6% hagvexti og að hann verði drifinn áfram af einkaneyslu, fjárfestingu og bata í utanríkisviðskiptum. Árið 2026 er spáð 2,7% hagvexti á nokkuð breiðum grunni.

Horfur eru á að einkaneysla aukist um 0,9% í ár. Einkaneysla var sterkari á fyrsta fjórðungi ársins en vísbendingar bentu til. Nýir kjarasamningar og lægri verðbólga styðja við einkaneyslu þegar líður á árið. Á næsta ári er gert ráð fyrir að einkaneysla aukist um 2,4%. Horfur eru á að raunlaun hækki meira á næsta ári vegna minni verðbólgu og að ráðstöfunartekjur aukist. Samneysla hins opinbera jókst um 1,2% á fyrsta fjórðungi ársins. Gert er ráð fyrir að vöxtur ársins verði 1,6% en næstu ár dragi heldur úr aukningunni.

Horfur eru á hóflegri aukningu atvinnuvegafjárfestingar næstu misseri. Hátt vaxtastig kælir hagkerfið og eru fjármögnunarskilyrði fyrirtækja enn þröng. Í ár er reiknað með að atvinnuvegafjárfesting vaxi um 1,9%. Þegar vextir lækka er gert ráð fyrir að fjárfesting glæðist en einnig er áætlað að framkvæmdir við Hvammsvirkjun komist á fullt skrið á næstu tveimur árum. Árið 2025 er spáð 2,5% aukningu atvinnuvegafjárfestingar og 3,5% aukningu árið 2026. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði jókst um 15,7% á fyrsta fjórðungi ársins. Gert er ráð fyrir minni þrótti í íbúðafjárfestingu út árið og að ársvöxtur verði 2,9%. Búist er við áframhaldandi vexti næstu ár, 4,9% árið 2025 og 6,4% árið 2026. Fjárfesting hins opinbera dróst saman um 5,8% frá fyrra ári á fyrsta fjórðungi ársins. Gert er ráð fyrir að fjárfesting hins opinbera dragist saman um 3,9% í ár en taki við sér á næsta ári og vaxi um 2,6%.

Framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar reyndist neikvætt á fyrsta ársfjórðungi. Útflutningur dróst saman um 3,3% milli ára og vó samdráttur í þjónustuútflutningi þyngst. Einnig hafði loðnubrestur og orkuskerðing Landsvirkjunar til stórnotenda áhrif. Innflutningur jókst um 1,6% milli ára á ársfjórðungnum sem má rekja til aukins þjónustuinnflutnings. Útlit er fyrir að hægist á vexti þjónustuútflutnings en að vöruútflutningur taki við sér á seinni hluta ársins. Áætlað er að útflutningur aukist um 1,3% á árinu og um 4,2% á næsta ári.

Verðbólga hefur hjaðnað hægt á árinu, m.a. vegna þrýstings á fasteignamarkaði. Á móti vegur að peningalegt aðhald kælir hagkerfið, gengi krónunnar hefur verið stöðugt og nýlegir kjarasamningar til langs tíma ættu að styðja við hagfellda verðlagsþróun næstu ár. Reiknað er með að vísitala neysluverðs hækki um 6% að meðaltali í ár. Árið 2025 er gert ráð fyrir að verðbólga verði að meðaltali 3,9% og að hún verði 2,7% árið 2026.


Horfur eru á hægari efnahagssumsvifum í ár og að atvinnuleysi aukist milli ára og verði 4,2% að meðaltali samanborið við 3,4% árið 2023. Heildarvinnustundum fjölgaði um 3,9% á fyrstu fjórum mánuðum ársins samanborið við 5% árið 2023. Mikil fólksfjölgun hefur einkennt vinnumarkaðinn síðustu ár en fólki á vinnufærum aldri fjölgaði um 3,7% árið 2023 og um 3,1% milli ára á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Gert er ráð fyrir að fólksfjölgun verði hægari næstu ár. Óvissu um launahækkanir næstu ára hefur að mestu leyti verið eytt með

undirritun kjarasamninga á almenna markaðnum. Áætlað er að samningar á opinbera markaðnum verði sambærilegir og að launavísitala miðað við fast verðlag hækki um 0,6% í ár og 1,7% árið 2025.


Lántökur heimila að frádregnum uppgreiðslum hafa aukist á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Aukningin er einkum vegna nýrra verðtryggðra lána en uppgreiðslur óverðtryggðra lána hafa verið umfram ný óverðtryggð lán. Erlend eignastaða þjóðarþúsins batnaði frá áramótum og var jákvæð um 41,1% af vergri landsframleiðslu við lok fjórðungsins. Í maí staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið S&P A+ láns hæfiseinkunn ríkissjóðs með stöðugum horfum.

Helstu óvissuþættir í tengslum við spána¹:

- Náttúruhamfarir á Reykjanesi.
- Verðbólguþróun.
- Alþjóðlegar efnahagshorfur.
- Aukin spenna í alþjóðasamskiptum og stríðsátök.



Heimild: Hagstofa Íslands.




Heimild: Hagstofa Íslands.

¹ Forsendur þjóðhagsspár byggja á gögnum sem lágu fyrir í byrjun júní.

Alþjóðleg efnahagsmál

Hagvöxtur helstu viðskiptaríkja Íslands hefur haldið dampi þrátt fyrir háa stýrivexti sem seðlabankar hafa beitt undanfarið til að draga úr verðbólgu. Viðskiptavegin hagvöxtur nam 1,1% á síðasta ársfjórðungi 2023 og þar skipti mestu máli hagvöxtur í Bandaríkjunum sem nam 3,4%. Á árinu 2023 nam viðskiptavegin hagvöxtur 1,2%. Miðað við spár alþjóðastofnana má búast við að hagvöxtur í helstu viðskiptaríkjum verði hóflegur á árinu og gert er ráð fyrir að viðskiptavegin hagvöxtur verði um 1,4% í ár og um 1,7% árin 2025 og 2026.

Verðbólga í helstu viðskiptaríkjum Íslands hjaðnaði á síðasta ári þegar stýrivextir hækkuðu og verð á orku- og hrávörum lækkaði. Viðskiptavegin verðbólga nam 3% á síðasta ársfjórðungi 2023 samanborið við tæplega 9% hækkun á síðasta ársfjórðungi 2022 þegar verðbólga var sem hæst. Í spám alþjóðastofnana er áætlað að verðbólga í helstu viðskiptaríkjum Íslands hjaðni og verði 2,4% á árinu, 2,1% árið 2025 og tæplega 2% út spátímann.



Skýringar: Mánaðarlegar tölur, síðasta gildi maí 2024.
Heimild: Alþjóðabankinn og Hagstofa Íslands.

Olíuverð var lágt í upphafi árs en hækkaði milli mánaða fyrstu fjóra mánuði ársins. Bandaríska upplýsingastofnunin um orkumál (EIA) telur að það stafi af minni birgðum vegna framleiðslutakmarkana OPEC+ ríkja og óvissu vegna stríðsátaka fyrir botni Miðjarðarhafs. Olíuverð lækkaði í lok apríl og maí. Samkvæmt greiningu Alþjóðaorkumálastofnunarinnar (IEA) er ástæða lækkunar bætt birgðastaða og minni eftirspurn eftir olíu. Í byrjun júní sömdu OPEC+ ríkin um að framleiðslutakmarkanir yrðu framlengdar og dregið verði hægt úr þeim frá október 2024 og út árið 2025. Olíuverð lækkaði í kjölfar tilkynningar OPEC+ en hækkaði hratt aftur. Samkvæmt EIA má búast við að olíuverð hækki á seinni hluta ársins vegna framleiðslutakmarkana OPEC+ ríkjanna. Á móti væntir upplýsingastofnunin að olíuframleiðsla í ríkjum sem ekki eru hluti af OPEC+ aukist og að þar vegi þyngst aukin framleiðsla í Bandaríkjunum, Kanada, Brasilú og Gvæjana. Áætlað er að olíuverð lækki á næsta ári samhliða því að OPEC+ ríkin dragi úr takmörkunum og birgðastaða batnar. Framvirkir samningar benda til að olíuverð hækki um 0,8% í ár en lækki um 5,5% á næsta ári.

Heimsmarkaðsverð á áli hefur hækkað á líðandi ársfjórðungi eftir að hafa haldist nokkuð stöðugt, í rúmum 2.200 Bandaríkjadöllum á tonnið, í vetur. Á vormánuðum lögðu Bandaríkin og Bretland bann við innflutningi á áli frá Rússlandi sem framleitt er eftir 12. apríl. Heimsmarkaðsverð á áli var hærra í lok maí en undanfarin tvö ár eða frá orkukreppunni 2022 þegar álverð rauk upp samhliða hækkun orkuverðs en álframleiðsla er orkufrekur iðnaður. Verð í framvirkum samningum bendir til að útflutningsverð á áli, í erlendum gjaldmiðli, hækki um 9,6% í ár og um 8,6% árið 2025.

Verð annarra hrávara lækkaði á síðasta ári en það hækkaði mikið á árinu 2022 í kjölfar stríðsátaka í Austur-Evrópu. Á fyrsta ársfjórðungi lækkaði verð annarra hrávara lítilega milli ára. Spár alþjóðastofnana gera ráð fyrir að verð á öðrum hrávörum lækki um 0,5% á árinu og um 0,3% árið 2025. Miklar hækkanir á útflutningsverði sjávarafurða, í erlendum gjaldmiðli, á árinu 2022 hafa ekki gengið til baka en það hækkaði um 3,3% á síðasta ári

vegna verðbreytinga á botnfiskafurðum, mjöli og lýsi. Líkt og í þjóðhagspá í apríl er gert ráð fyrir hóflegri lækkun á útflutningsverði sjávarafurða í ár.

Gert er ráð fyrir að viðskiptakjör batni um 1,1% á árinu. Viðskiptakjör versnuðu á síðasta ári vegna lækkunar á útflutningsverði áls borið saman við fyrra ár en búist er við að álverð hækki í ár.



Utanríkisviðskipti

Á fyrsta ársfjórðungi var vöru- og þjónustujöfnuður við útlönd neikvæður um 42,7 milljarða króna sem er töluvert meira en á sama ársfjórðungi í fyrra þegar hallinn nam 19,2 milljörðum króna. Framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar reyndist neikvætt á ársfjórðungnum. Útflutningur dróst saman um 3,3% milli ára á fyrsta ársfjórðungi og hafði þar loðnubrestur og orkuskerðing Landsvirkjunar til stórnotenda á fyrstu fjórum mánuðum ársins áhrif. Samdráttur í þjónustuútflutningi, um 3,9%, vó þó þyngst í samdrætti útflutnings á fyrsta ársfjórðungi. Fjöldi erlendra ferðamanna fyrstu mánuði ársins jókst milli ára um 3,9% en gistinóttum erlendra ferðamanna á hótélum fækkaði. Auk þess eru vísbendingar um að dregið hafi úr útgjöldum erlendra ferðamanna hérlendis en óljóst hversu mikið vegna mögulegra galla í kortaveltugöngnum.

Innflutningur jókst um 1,6% milli ára á fyrsta ársfjórðungi sem má rekja til aukins þjónustuinnflutnings og skiptir þar mestu máli innflutningur á fjármálaþjónustu og rannsókn- og þróunarþjónustu. Utanlandsferðum Íslendinga fækkaði um 0,9% fyrstu fimm mánuði ársins. Vöruinnflutningur dróst lítillega saman milli ára á fyrsta ársfjórðungi. Áætlað er að innflutningur vaxi um 1,2% á árinu og aukist í takt við vöxt þjóðarútgjalda á spátímanum.

Horfur eru á að vöxtur útflutnings verði veikari en gert var ráð fyrir í síðustu spá og hann aukist um 1,3% á árinu sem má meðal annars rekja til hægari vaxtar þjónustuútflutnings. Búist er við að rúmlega 2,2 milljónir erlendra ferðamanna heimsæki Ísland á árinu, sem er aðeins minna en þegar mest var árið 2018, og að útgjöld á ferðamann, á föstu verði, dragist saman. Á móti hægari vexti þjónustuútflutnings er útlit fyrir að vöruútflutningur taki við sér á seinni hluta ársins með auknum útflutningi lyfja. Áframhaldandi aukning á lyfjaútflutningi og hærri hámarksafli botnfisks á fiskveiðiárinu 2024 til 2025 samkvæmt veiðiráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar, hefur jákvæð áhrif á vöruútflutning ársins 2025. Horfur eru á að útflutningur eldisfisks aukist á spátímanum. Áætlað að útflutningur vaxi um 4,2% árið 2025 og að jafnaði um 2,7% út spátímann.

Halli á viðskiptajöfnuði nam 35,9 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi, samanborið við 14,6 milljarða króna halla á fyrsta ársfjórðungi fyrra árs. Útlit er fyrir að viðskiptajöfnuður versni milli ára og nemi 0,6% af vergri landsframleiðslu ársins en batni þegar líður á spátímann og verði um 2% við lok hans.¹



¹ Viðskiptajöfnuður er hér birtur samkvæmt leiðréttem tölum Seðlabanka Íslands frá 14. júní sl.


Þjóðarútgjöld

Einkaneysla

Á fyrsta fjórðungi ársins jókst einkaneysla um 0,2% milli ára, samanborið við 4,8% á sama tíma í fyrra. Einkaneysla var sterkari í fjórðungnum en vísbendingar bentu til. Greiðslukortavelta á föstu verði dróst saman um hálf prósent milli ára á tímabilinu, nýskráningar á einkabifreiðum minnkuðu um meira en helming og magn innfluttra neysluvara dróst saman um rúmlega 5%. Líkur eru á að einkaneysla breytist lítið milli ára á öðrum fjórðungi ársins. Kortavelta stóð í stað á fyrstu tveimur mánuðum fjórðungsins en nýskráningum einkabifreiða fækkaði um fimmtung. Samkvæmt væntingavísitölu Gallup hefur jafnvægi ríkt á milli svarenda við mat á stöðu og horfum í efnahagsmálum fyrstu fimm mánuði ársins. Væntingar hafa batnað milli ára en vísitalan var að meðaltali 14% hærri fyrstu fimm mánuði ársins miðað við sama tímabil í fyrra.

Nýlegir kjarasamningar og lægri verðbólga styðja við einkaneyslu þegar líður á árið. Greiðslubyrði húsnæðislána eykst hjá mörgum heimilum þegar óverðtryggð lán koma til vaxtaendurskoðunar í ár og á næsta ári. Margir munu líklega endurfjármagna með verðtryggðum lánum til að lækka greiðslubyrði. Spáð er 0,9% aukningu einkaneyslu í ár en vegna fólksfjölgunar dregst hún saman um 1,4% á mann. Einkaneysla á mann dróst einnig saman árið 2023 eða um 3,1%.

Á næsta ári er gert ráð fyrir að einkaneysla aukist um 2,4%. Horfur eru á að raunlaun hækki meira á næsta ári sökum lægri verðbólgu og að lægri vextir auki ráðstöfunartekjur. Á spátímanum er gert ráð fyrir að einkaneysla aukist að jafnaði um 2,8% og að hlutur hennar í vergri landsframleiðslu verði að meðaltali 49,7%, nokkuð undir 50,6% meðaltali síðustu tíu ára.





Skýringar: Einkaneysla á mann miðað við fjölda fólks á vinnufærum aldri.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Samneysla og opinber fjármál

Útgjöld hins opinbera til samneyslu jukust um 1,2% á milli ára á fyrsta fjórðungi ársins. Að nafnvirði nam samneysla ársfjórðungsins rúmlega 282 milljörðum króna. Þar af voru launagreiðslur tæplega 55%, kaup á vörum og þjónustu að frádreginni sölu á vöru og þjónustu ríflega 36% og afskriftir tæp 9%. Spá um þróun samneyslu byggir á fjárlögum ársins og fjármálaáætlun árunum 2025–2029. Gert er ráð fyrir að samneysla vaxi hraðar það sem eftir er ársins og að vöxtur ársins í heild verði 1,6%. Næstu ár er gert ráð fyrir að heldur hægi á vexti samneyslu sem vaxi um 0,9% á næsta ári, 0,8% árið 2026 og 1% árið 2027. Á síðustu tuttugu árum hefur hlutur samneyslu í vergri landsframleiðslu verið um 24,8% en hlutfallið hækkaði mikið árið 2020. Í ár er reiknað með að hlutfallið verði 25,8% en lækki á spátímanum eftir því sem dregur úr vexti samneyslu og verði nálægt meðaltali síðustu tuttugu ára í lok spátímans.




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Hagstofa Íslands og sveitarfélög.

Afkoma hins opinbera var jákvæð um 0,7 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi eða sem nemur 0,1% af vergri landsframleiðslu fjórðungsins. Heildartekjur hins opinbera jukust um 9,5% frá fyrra ári og námu 473,3 milljörðum. Á sama tíma jukust heildartekjur um 3,9% og námu 472,6 milljörðum. Munar þar mestu um aukningu í útgjöldum til framleiðslustyrkja sem jukust um 25,9% en á móti drógust vaxtagjöld hins opinbera saman um 26,7%.

Fjárfesting

Kröftugt vaxtarskeið atvinnuvegafjárfestingar hófst eftir lok heimsfaraldurs. Árið 2023 var hlutur atvinnuvegafjárfestingar í landsframleiðslu 15,3% og hafði ekki verið jafn mikill frá árinu 2008. Fjármögnunarskilyrði þröngdust á síðasta ári og hægði á útlánum til fyrirtækja. Seinni hluta síðasta árs minnkaði vöxtur atvinnuvegafjárfestingar og á fjórða ársfjórðungi dróst hún saman milli ára í fyrsta skipti frá 2020 en á árinu í heild jókst hún um 0,9%.

Í upphafi árs var nokkur þróttur í innflutningi á fjárfestingavörum og jókst fjöldi starfandi í byggingariðnaði. Á fyrsta ársfjórðungi jókst atvinnuvegafjárfesting um 0,4% samkvæmt bráðabirgðauppgjöri þjóðhagsreikninga. Talsverð aukning var í fjárfestingu í skipum, flugvélum og öðrum búnaði en fjármunamyndum í stóriðju og tengdum greinum jókst um 2,7% milli ára í ársfjórðungnum. Almenn atvinnuvegafjárfesting, sem undanskilur ofangreinda flokka, dróst saman um 2,8% í ársfjórðungnum. Horfur eru á hóflegri aukningu atvinnuvegafjárfestingar næstu misseri. Hátt vaxtastig kælir hagkerfið og eru fjármögnunarskilyrði fyrirtækja enn þröng. Í ár er reiknað með að atvinnuvegafjárfesting vaxi um 1,9%. Þegar vextir lækka er gert ráð fyrir að fjárfesting glæðist en einnig er áætlað að framkvæmdir við Hvammsvirkjun komist á fullt skrið á næstu tveimur árum. Árið 2025 er spáð 2,5% aukningu atvinnuvegafjárfestingar og 3,6% aukningu árið 2026.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Íbúðafjárfesting dróst saman frá upphafi árs 2021 til seinni hluta síðasta árs þegar fjárfesting í íbúðarhúsnæði jókst á ný. Vöxturinn hélt áfram á fyrsta fjórðungi þessa árs þegar íbúðafjárfesting jókst um 15,7% á milli ára. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) kannaði fjölda íbúða í byggingu á landinu öllu í mars síðastliðnum. Samkvæmt könnuninni áætlar stofnunin að rúmlega 3.000 íbúðir verði fullgerðar á árinu, sem er lítils háttar samdráttur frá síðasta ári þegar tæplega 3.100 nýjar íbúðir komu á markað. Samkvæmt könnuninni hefur orðið nokkur samdráttur í nýjum framkvæmdum á milli talninga en meiri kraftur virðist vera í verkefnum sem þegar eru hafin. Ekki er gert ráð fyrir að sá mikli vöxtur sem varð á fyrsta ársfjórðungi haldi áfram eftir því sem líður á árið og er reiknað með að íbúðafjárfesting ársins í heild aukist um 2,9%. Búist er við að íbúðafjárfesting vaxi um 4,9% árið 2025 og 6,4% árið 2026. Hluttur íbúðafjárfestingar í vergri landsframleiðslu var um 4,6% í fyrra og er búist við að hann haldist að mestu óbreyttur í ár og á næsta ári en hækki í kjölfarið lítillega og verði tæplega 5% að jafnaði út spátímann.

Nokkuð líf virðist vera á íbúðamarkaði ef mið er tekið af fjölda kaupsamninga. Á fyrsta fjórðungi ársins voru kaupsamningar um 29% fleiri en á sama tíma á síðasta ári. Í mars gaf HMS út nýja vísitölu íbúðaverðs sem mælir íbúðaverð á landinu öllu. Vísitalan hækkaði um 1,4% milli mánaða í maí og nemur ársþækkun húsnæðisverðs 8,4%.


Fjárfesting hins opinbera dróst saman um 5,8% að raunvirði frá fyrra ári á fyrsta fjórðungi ársins. Fjárfesting ríkissjóðs jókst að nafnvirði um 6,8% en rúmlega 10% samdráttur varð í fjárfestingu sveitarfélaga. Miðað við fjárlög ársins, fjármálaáætlun 2025-2029 og áætlanir sveitarfélaga er gert ráð fyrir að fjárfesting hins opinbera dragist saman um 3,9% í ár en taki við sér á næsta ári og vaxi um 2,6%. Gangi áætlanir eftir mun fjárfesting hins opinbera dragast saman um 0,4% árið 2026 áður en hún mun aukast um 4,9% árið 2027. Útlit er fyrir að hlutfall opinberrar fjárfestingar í vergri landsframleiðslu verði 3,6% í ár sem er svipað og meðaltal síðastliðinna tuttugu ára. Gert er ráð fyrir að hlutfallið lækki lítillega næstu ár og verði um 3,5% að jafnaði árin 2025-2027.

Vinumarkaður og laun

Atvinnuleysi var að meðaltali 4,2% á fyrstu fjórum mánuðum ársins samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands (VMR), en var 3,6% á sama tíma í fyrra. Horfur eru á hægari efnahagsumsvifum í ár og að atvinnuleysi aukist milli ára og verði 4,2% að meðaltali samanborið við 3,4% árið 2023. Heildarvinnustundum fjölgaði um 3,9% á fyrstu fjórum mánuðum ársins samanborið við 5% árið 2023.

Mikil fólksfjölgun hefur einkennt vinnumarkaðinn síðustu ár en fólki á vinnufærum aldri fjölgaði um 3,7% árið 2023 og um 3,1% milli ára á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Gert er ráð fyrir að fólksfjölgun verði hægari næstu ár. Samkvæmt könnun Hagstofu Íslands voru 5.590 laus störf á fyrsta ársfjórðungi og fjölgaði þeim á milli ársfjórðunga en fækkaði frá sama tíma í fyrra þegar þau voru 8.620. Til samanburðar er áætlað að 9.700 hafi verið atvinnulausir á fyrsta ársfjórðungi samkvæmt VMR.

Alls voru 7.001 skráðir atvinnulausir að meðaltali hjá Vinnumálastofnun í maí. Skráð atvinnuleysi mælist nú 3,4% samanborið við 3% á sama tíma árið 2023. Munurinn milli ára hefur aukist síðustu mánuði og eru horfur á að sú þróun haldi áfram. Launavísitala miðað við fast verðlag hækkaði um 0,9% á síðasta ári. Í ljósi undirritunar kjarasamninga á almenna markaðnum og að því gefnu að samningar á þeim opinbera verði sambærilegir eru horfur á að launavísitala miðað við fast verðlag hækki um 0,6% ár og 1,7% árið 2025.




Heimild: Hagstofa Íslands og Vinnumálastofnun.

Verðbólga, gengi og fjármálamarkaðir

Verðbólga hefur verið þrálát á árinu. Að hluta til má rekja það til þróunar á húsnæðismarkaði sem hefur meðal annars litast af afleiðingum jarðhræringa á Reykjanesi. Þá benda endurskoðaðar þjóðhagsreikningatölur til að spenna í hagkerfinu hafi verið meiri en áður var talið. Í janúar lækkaði ársbreyting vísitölu neysluverðs úr 7,7% í 6,7% en síðustu mánuði hefur hún haldist yfir sex prósentum og var 6,2% í maí. Án húsnæðisliðar hefur verðbólga hjaðnað meira og var 6,7% í desember en reyndist vera 4,2% í maí. Hækkar á vísitölu neysluverðs hafa verið nokkuð víðtækar. Húsnæði hefur verið helsti orsakavaldur verðbólgu líkt og síðustu ár. Árshækkun á almennri þjónustu var um 5,4% í maí og hefur ekki minnkað að ráði á árinu á meðan að opinber þjónusta hækkaði um 9,2%. Nokkuð hefur dregið úr árshækkunum á innlendum vörum en án búvöru og grænmetis hækkuðu þær um 4,7% í maí. Verðbólga í helstu viðskiptaríkjum hefur hjaðnað hratt síðustu misseri og endurspeglast það að hluta til í minni verðhækkunum á innfluttum vörum sem hækkuðu um 2,2% í maí en sá liður nær til um þriðjungs útgjalda í vísitölu neysluverðs.

Útlit er fyrir að verðbólga hjaðni hægar en áður var talið. Að hluta til má rekja það til meiri þrýstings á fasteignamarkaði það sem af er ári auk þess sem enn er þróttur á vinnumarkaði. Á móti vegur að aukið peningalegt aðhald kælir hagkerfið og verðbólga í helstu viðskiptalöndum hefur hjaðnað en þau áhrif hafa verið að koma fram undanfarin misseri. Gengi krónunnar hefur verið stöðugt á árinu og nýlegir kjarasamningar til


langs tíma ættu að styðja við hagfellda verðlagsþróun næstu fjögur ár. Reiknað er með að vísitala neysluverðs hækki um 6% að meðaltali í ár. Árið 2025 er gert ráð fyrir að verðbólga verði að meðaltali 3,9% og að hún verði 2,7% árið 2026. Á spátímanum er áætlað að gengi krónunnar haldist stöðugt. Aðferðafræði við mælingu á reiknaðri húsaleigu í vísitölu neysluverðs var breytt í lok júní sem skapar aukna óvissu um þróun vísitölunnar á spátímanum.



Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands


Taumhald peningastefnunnar hefur aukist þar sem raunstýrivextir hafa hækkað með hjöðnun verðbólgu. Á síðasta vaxtaákvörðunarfundi sínum í maí ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda stýrivöxtum óbreyttum í 9,25%. Stýrivextir hafa nú haldist óbreyttir frá ágúst á síðasta ári. Í yfirlýsingu nefndarinnar er tekið fram að hægt hafi á hagkerfinu í takt við aukið aðhald peningastefnunnar en á móti vegi að spenna í hagkerfinu hafi verið meiri en áður var talið sem valdi því að verðbólga hjaðni hægar. Verðbólguvæntingar væru enn yfir markmiði, þó þær hafi lækkað miðað við suma mælikvarða. Mat nefndarinnar var að aðhaldsstig stýrivaxta væri fullnægjandi til að ná tímanlega markmiðum peningastefnunnar.

Ný útlán til heimila að frádregnum uppgreiðslum jukust á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Aukningin er aðallega vegna nýrra verðtryggðra lána en uppgreiðslur óverðtryggðra lána hafa verið meiri en ný óverðtryggð lán frá maí á síðasta ári. Ástæða þessa er aukin greiðslubyrði óverðtryggðra lána. Fastvaxtatímabil hluta lána með fasta vexti hafa liðið og útlánsvextir hækkað samhliða hækkun meginvaxta Seðlabanka Íslands. Verðtryggð íbúðalán hafa aukist undanfarin misseri og eru nú riflega helmingur útistandandi íbúðalána. Innlán heimila voru rúmlega 15% hærri í lok apríl á þessu ári en á sama tíma í fyrra. Heldur hefur dregið úr lántökum atvinnufyrirtækja að teknu tilliti til uppgreiðslna fyrstu mánuði ársins en hrein ný útlán voru tæplega 5% lægri en á sama tíma á síðasta ári en ásókn fyrirtækja í verðtryggð lán hefur þó aukist.



Skýringar: Hrein erlend staða þjóðarbúsins án innlánsstofnanna fyrir árin 2008-2014.

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.



Hrein eignastaða við útlönd batnaði um rúmlega 200 milljarða á fyrsta ársfjórðungi og var jákvæð um 41,1% af vergri landsframleiðslu við lok fjórðungsins. Batann má helst rekja til gengis- og verðbreytinga en verð á erlendum verðbréfamörkuðum hækkaði um 8,5% á milli fjórðunga á sama tíma og innlend hlutabréf lækkuðu um 3%. Í lok maí var virði gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands tæplega 914 milljarðar eða um 20% af vergri landsframleiðslu. Í maí staðfesti matsfyrirtækið S&P Global Ratings A+ lánshæfiseinkunn ríkissjóðs með stöðugum horfum. Stöðugar horfur endurspeglar það viðhorf að útlit sé fyrir betri hagvaxtarhorfur á Íslandi en í flestum öðrum löndum Vestur-Evrópu en einnig lítinn halla á ríkisfjármálum og utanríkisviðskiptum. Fyrstu fimm mánuði ársins hefur íslenska OMXIPI hlutabréfavísitalan lækkað um tæp 4% frá sama tíma á síðasta ári.

English summary

Economic growth slowed down in the second half of last year and in the first quarter of this year the gross domestic product decreased by 4% from last year. The economy is projected to grow by 0.9% this year, boosted by domestic demand. In 2025, GDP growth is expected to reach 2.6%, driven by private consumption, investment and improving net exports. Broad based growth is anticipated in 2026 with GDP growing by 2,7%.

Private consumption is expected to increase by 0.9% this year. Private consumption was stronger in the first quarter of the year than indicators suggested. New collective wage agreements and lower inflation will support private consumption as the year progresses. Next year, private consumption is expected to increase by 2.4%. Real wages are expected to rise more next year due to lower inflation along with increasing disposable income. Public consumption increased by 1.2% in the first quarter of the year. Growth is expected to reach 1.6% this year but will ease in the following years.

Business investment is set to increase moderately in the coming months. High policy rates are cooling the economy and financing conditions for businesses are still tight. This year, business investment is expected to grow by 1.9%. Conditions will improve in the following years, pushing up investment. In 2025, business investment is forecast to increase by 2.5% and by 3.5% in 2026. Housing investment increased by 15.7% in the first quarter of the year but is projected to increase by 2.9% for the year. Continued growth is projected in the coming years, 4.9% in 2025 and 6.4% in 2026. Public sector investment decreased by 5.8% from the previous year in the first quarter. Public investment is set to decrease by 3.9% this year but will pick up next year and grow by 2.6%.

Net exports contributed negatively to GDP growth in the first quarter. Exports decreased by 3.3% year-on-year in the first quarter, driven by a decrease in exports of services. Imports increased by 1.6% year-on-year in the first quarter, primarily due to increased imports of services. The growth in exports of services is expected to slow down, while exports of goods are anticipated to increase in the latter part of the year. Exports are forecast to increase by 1.3% this year and by 4.2% next year.

Inflation has subsided slowly during the year, in part due to pressures on the housing market. On the other hand, high policy rates are cooling the economy, the exchange rate of the króna has been stable, and the recent long-term collective wage agreements should contribute to declining inflation in the coming years. The consumer price index is set to increase by 6% on average this year. In 2025, inflation is expected to average 3.9% and 2.7% in 2026. With subdued economic activity this year, unemployment is expected to increase and reach 4.2% on average compared to 3.4% in 2023. Total working hours increased by 3.9% in the first four months of the year compared to 5% in 2023. High population growth has characterized the labour market in recent years, but the number of people of working age increased by 3.7% in 2023 and by 3.1 % between years in the first four months of the year. Population growth is expected to slow down in the coming years. Uncertainty about wage increases in the coming years has mostly been eliminated by the signing of new collective wage agreements in the private market. It is assumed that contracts in the public market will be comparable and that the wage index based on constant prices will increase by 0.6% this year and 1.7% in 2025.

Borrowings by households increased in the first four months of the year. The increase is mainly due to new indexed loans and the share of non-indexed loans to households is decreasing. The foreign asset position of the national economy has improved and was positive by 41.1% of gross domestic product at the end of the first quarter.

Tafla 1. Landsframleiðsla 2023–2029
 Table 1. Gross domestic product 2023–2029

	Framreikningur Extrapolation						
Magnbreyting frá fyrra ári (%) Volume growth from previous year (%)	2023 ¹	2024	2025	2026	2027	2028	2029
Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	0,5	0,9	2,4	2,8	2,8	2,8	2,7
Samneysla <i>Government final consumption</i>	2,2	1,6	0,9	0,8	1,0	1,3	1,3
Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	-0,6	1,1	3,0	3,5	1,8	1,7	2,9
Atvinnuvegafjárfesting <i>Business investment</i>	0,9	1,9	2,5	3,6	0,1	2,0	3,5
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði <i>Housing investment</i>	-0,3	2,9	4,9	6,4	5,0	3,8	3,8
Fjárfesting hins opinbera <i>Public investment</i>	-6,1	-3,9	2,6	-0,4	4,9	-2,5	-1,2
Þjóðarútgjöld alls <i>National final expenditure</i>	1,2	0,8	2,1	2,5	2,1	2,2	2,4
Útflutningur vöru og þjónustu <i>Exports of goods and services</i>	4,8	1,3	4,2	2,5	3,1	2,9	2,4
Innflutningur vöru og þjónustu <i>Import of goods and services</i>	-1,4	1,2	2,9	2,0	2,0	2,1	2,1
Verg landsframleiðsla <i>Gross domestic product</i>	4,1	0,9	2,6	2,7	2,6	2,5	2,5
Vöru- og þjónustujöfnuður (% af VLF) <i>Goods and services balance (% of GDP)</i>	-0,1	0,5	1,2	1,4	1,7	1,9	2,0
Viðskiptajöfnuður (% af VLF) <i>Current account balance (% of GDP)</i>	0,9	0,6	1,3	1,5	1,8	2,0	2,1
VLF á verðlagi hvers árs, ma. kr. <i>Nominal GDP, billion ISK</i>	4.279	4.573	4.889	5.170	5.441	5.725	6.026
Vísitala neysluverðs <i>Consumer price index</i>	8,7	6,0	3,9	2,7	2,5	2,5	2,5
Gengisvísitala <i>Exchange rate index</i>	2,6	0,3	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Raungengi <i>Real exchange rate</i>	0,9	2,7	2,2	0,7	0,6	0,5	0,5
Atvinnuleysi (% af vinnuafli) <i>Unemployment rate (% of labour force)</i>	3,4	4,2	4,3	4,2	4,1	4,0	4,0
Launavísitala m.v. fast verðlag <i>Real wage rate index</i>	0,9	0,6	1,7	1,7	1,5	1,5	1,5
Hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum <i>GDP growth in main trading partners</i>	1,2	1,4	1,7	1,7	1,6	1,6	1,5
Alþjóðleg verðbólga <i>World CPI inflation</i>	5,0	2,4	2,1	2,0	1,9	1,9	1,9
Verð útflutts áls <i>Export price of aluminum</i>	-22,6	9,6	8,6	0,7	-0,6	-1,5	-1,9
Olíuverð <i>Oil price</i>	-16,9	0,8	-5,5	-4,4	-3,2	-2,3	-1,5

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.











FIGURE 9

Gross fixed capital formation and contribution of components
Annual real change




FIGURE 10

Unemployment

Unemployment - 3 month moving average
Registered unemployment including reduced employment benefits
Registered unemployment




FIGURE 11

CPI contribution of components




FIGURE 12

New household credit less prepayments

% of GDP

2022 2023 2024





FIGURE 13

Net international investment position

% of GDP



Hagtíðindi Þjóðhagsspá

Statistical Series *Economic forecast*

109 árg. ♦ 5. tbl. 28. júní 2024

ISSN 1670-4770 Umsjón *Supervision*

Marínó Melsted ♦ marino.melsted@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* ♦ Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is ♦ www.stafr.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.